



Fundur stjórnar Hamra 14. mars. 2018

Tillögur til skátaþings haldið í Reykjavík í apríl 2018

Tillaga um stærðarviðmið tjaldbúða á landsmótum

Skátaþing samþykkir að stjórn Bís láti vinna viðmið varðandi stærðir tjaldbúða á landsmótum. Viðmið þessi geta byggt á mælingum, uppdráttum og athugunum á tjaldbúðum fjölda skátafélaga á landsmóttinu að Úlfjótssvatni 1999, sem unnar voru af Páli Zóphóníassyni og Tryggva Marinóssyni. Einnig á þeim upplýsingum og gögnum sem tiltæk eru um stærðir tjaldbúða frá öðrum landsmótum. Viðmið þessi verði notuð til reynslu á næsta landsmóti skáta.

Greinargerð.

Nokkuð hefur borið á því að skátafélög hafi kvartað yfir rými því sem þeim er ætlað vegna tjaldbúða á landsmótum. Aðallega að ekki sé samræmi á milli stærða miðað við fjölda þátttakenda á milli félaga.

Ekki eru til samræmdar reglur um t.d. stærðir tjaldbúða miðað við fjölda að teknu tilliti til sameiginlegrar aðstöðu s.s. vegna eldunaraðstöðu og dvalarrýma. Það er skoðun okkar að mikilvægt sé að félög sem koma á landsmót og þeir sem undirbúa landsmót gangi nokkurn veginn að því vísu hvaða stærðir teljast við hæfi. Við teljum að viðmiðin geti t.d. gengið út frá svæðum að stærð frá 100 m² til ca 700 m² miða miðað við 5-60 skáta í tjaldbúð. Gefa má möguleika á lágmarksstærð ásættanlega- og óskastærð.

Fh. Stjórnar Hamra.

Tryggvi Marinósson